

BORGARRÁÐ 2. september 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samstarf við Stafrænt Ísland - R21090010

Fyrirspurn frá Flokki Fólksins um stafrænt samstarf við Stafræna Ísland, island.is. Fram kom á ráðstefnunni Tengjum Ríkið að slíkt samstarf standi sveitarfélögum til boða. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort ekki hefði verið skilvirkara og hagkvæmara ef Reykjavíkurborg hefði leitað samstarfs við island.is líkt og mörg sveitarfélög og stofnanir á Íslandi gera með góðum árangri? Gríðarlega upphæðir, 10 milljarðar á þremur árum fara í stafræn verkefni, mest tilraunir, lítið sést af afurðum. Til að átta sig á stærðarhlutföllunum má taka dæmi þá jafngildir þetta því að setja 330 milljónir í áþekkt verkefni í Borgarbyggð en Reykjavík er um 30 sinnum fjölmennari. Til dæmis hefur komið fram að hægt er að nota island.is fyrir mínar síður. Á island.is eru 74 Mínar síður og 240 vefir. Þar er verið að hanna, búa til ímyndir og vörumerki. Fulltrúi Flokks fólksins spyr, af hverju hefur þjónustu- og nýsköpunarsvið ekki samnýtt afurðir úr þróun Stafræns Íslands? Island. is hjálpar stofnunum og fyrirtækjum að veita betri þjónustu. Þar eru búnar til stofnanasíður til að styðja við sveitarfélög. Island.is á allt til, þar er til sniðmát fyrir allt sem þarf, allur grunnur er til staðar. Miðlæg þjónustugátt er mikilvæg og í henni á Reykjavík að vera.